

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 543/2013

2017/EES/31/45

frá 14. júní 2013

um afhendingu og birtingu gagna á raforkumörkuðum og um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 714/2009 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-sambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 714/2009 frá 13. júlí 2009 um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1228/2003 ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 714/2009, einkum 15. gr. og 5. lið í viðmiðunarreglum um stjórnun og úthlutun á tiltækri flutningsgetu samtengilína milli landskerfa, sem eru settar fram í I. viðauka við þá reglugerð, er þess krafist af flutningskerfisstjórum að þeir birti gögn um tiltækileika neta, flutningsgetu samtengilína yfir landamæri og framleiðslu, álag og nettruflanir.

2) Í 4. mgr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1227/2011 frá 25. október 2011 um heildstæðan og gagnsæjan heildsölumarkað fyrir orku ⁽²⁾ er viðurkennt að birting innherjaupplýsinga í samræmi við reglugerð (EB) nr. 714/2009 eða viðmiðunarregluna, sem eru samþykktar samkvæmt henni, gildir sem samhliða, heildstæð og skilvirk opinber birting.

3) Tiltækileiki slíkra gagna er ómissandi til þess að markaðsaðilar geti tekið skilvirkar ákvarðanir um framleiðslu, notkun og viðskipti. Aukin markaðssamþætting

og hröð þróun óstöðugra, endurnýjanlegra orkugjafa, s.s. vind- og sólarorku, kallar á að fyrir liggja heildstæðar, tímabærar, vandaðar og auðskiljanlegar upplýsingar varðandi undirstöðugögn um framboð og eftirspurn.

4) Enn fremur skal heildstætt safn undirstöðugagna, sem fyrir liggur tímanlega, leiða til öruggari orkuafhendingar. Það gerir markaðsaðilum kleift að tryggja samræmi milli framboðs og eftirspurnar og minnka þannig hættuna á straumrofi. Þar með geta flutningskerfisstjórar betur stýrt netkerfum sínum og rekið þau við fyrirsjáanlegri og öruggari skilyrði.

5) Núverandi ráðstafanir til að stuðla að gagnsæi uppfylla ekki fullilega þessar viðmiðanir. Þar að auki er viðeigandi markaðsupplýsingum ójafnt skipt milli markaðsaðila þar sem stórir aðilar sem fyrir eru hafa einkaaðgang að upplýsingum varðandi eigin eignir, sem setur nýja markaðsaðila eða markaðsaðila án eigin eigna í lakari stöðu.

6) Markaðsaðilar skulu fá tímabærar upplýsingar um áætlaða notkun. Þessar upplýsingar skal uppfæra reglubundið og þær skulu ná yfir mismunandi tímaramma. Raunveruleg niðurstaða áætlaðrar notkunar skal einnig gerð aðgengileg skömmu eftir rauntímann.

7) Skipulagður og óskipulagður ótiltækileiki orkuframleiðslu- og orkunotkunareininga er meðal mikilvægustu upplýsinga fyrir markaðsaðila með tilliti til framboðs og eftirspurnar. Markaðsaðilar og flutningskerfisstjórar verða að fá ítarlegar upplýsingar um hvar, hvenær og hvers vegna einingar eru ekki eða verða ekki tiltækar til framleiðslu eða notkunar og hvenær búist er við að þær komist aftur í gagnið. Þetta á enn fremur að gefa flutningskerfisstjórum kost á að endurúthluta varaafli á skilvirkari hátt og draga þannig úr líkum á straumrofi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 163, 15.6.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2017 frá 5. maí 2017 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 15.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 326, 8.12.2011, bls. 1.

- 8) Markaðsaðilar og flutningskerfisstjórar skulu enn fremur fá ítarlegar upplýsingar um upphaflega framleiðslugetu, spár um samanlagða, áætlaða framleiðslu, þ.m.t. einkum um óstöðuga framleiðslu, og gögn hvað varðar hverja framleiðslueiningu um raunverulega framleiðslu stórra framleiðslukerfa.
- 9) Til að geta flutt orku þaðan sem hún er fyrir hendi og þangað sem hennar er mest þörf og aðlagð skrár (e. portfolios) til samræmis við það skal veita markaðnum aðgang að upplýsingum um skipulagðan og óskipulagðan ótíltækileika fyrirbyggjandi flutningsgrunnvirkja yfir landamæri og áætlunum um þróun grunnvirkja. Flutningskerfisstjórar skulu enn fremur láta í té og uppfæra reglubundið gögn um fyrirhugaða og tiltæka flutningsgetu yfir landamæri fyrir mismunandi tímaramma auk upplýsinga varðandi úthlutun og notkun á flutningsgetu.
- 10) Sökum hraðrar útbreiðslu óstöðugra orkugjafa fjarri notkunarsvæðunum hefur í auknum mæli skapast kerfisöng í flutningsgrunnvirkjum á stórum hlutum Evrópu. Til þess að leysa úr kerfisöng hafa flutningskerfisstjórar í auknum mæli gripið inn í markaðsaðgerðir og farið fram á að markaðsaðilar breyti framleiðslu- eða viðskiptaskuldbindingum sínum. Til þess að markaðurinn öðlist aukinn skilning á því hvar og hvers vegna þörf er á ráðstöfunum til að bregðast við kerfisöng verða flutningskerfisstjórar að veita tímabærar, ítarlegar og rökstuddar upplýsingar um aðgerðir sínar.
- 11) Þrátt fyrir vandlega skipulagningu geta framleiðendur, afhendingaraðilar og seljendur fundið fyrir misvægi og verið bundnir jöfnunar- og uppgjörsfyrirkomulagi flutningskerfisstjóra. Til þess að unnt sé að minnka hættuna á misvægi á sem bestan hátt verða markaðsaðilar að hafa aðgang að nákvæmum, skýrum og tímabærum upplýsingum um jöfnunarorkumarkaði. Flutningskerfisstjórar skulu afhenda slíkar upplýsingar yfir landamæri á samanburðarhæfu sniði, þ.m.t. upplýsingar um hvaða varaafli þeir hafa samið um, hvaða verð þeir hafa greitt og hvaða magn hefur verið gert aðgengilegt með tilliti til jöfnunar.
- 12) Oft eru flutningskerfisstjórar helsta heimildin um viðeigandi grundvallarupplýsingar. Þeir eru einnig vanir því að safna miklu magni upplýsinga um kerfistengda starfsemi og leggja mat á þær. Til þess að fá heildaryfirsýn yfir viðeigandi upplýsingar alls staðar í Sambandinu skulu flutningskerfisstjórar auðvelda söfnun, sannpröfun og vinnslu gagna og skal Evrópunet raforkuflutningskerfisstjóra (ENTSO fyrir raforku) gera gögnin aðgengileg almenningi á miðlægum upplýsingavettvangi. Til að nýta sem best fyrirbyggjandi heimildir um gagnsæi skal Evrópunet raforkuflutningskerfisstjóra geta tekið við upplýsingum til birtingar frá þriðju aðilum, s.s. orkukauphöllum og upplýsingavettvangi.

- 13) Því ber að breyta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 714/2009 til samræmis við það.
- 14) Þessi reglugerð hefur verið samþykkt á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 714/2009, kemur til viðbótar við hana og er óaðskiljanlegur hluti af henni. Einnig skal líta á tilvísanir í reglugerð (EB) nr. 714/2009 í öðrum lagagerningum sem tilvísun í þessa reglugerð.
- 15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 714/2009.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um sameiginlegt lágmarksgagnasafn varðandi framleiðslu, flutning og notkun rafmagns sem á að gera aðgengilegt markaðsaðilum. Í henni er einnig kveðið á um miðlæga söfnun og birtingu gagnanna.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 714/2009. Að auki gilda eftirfarandi skilgreiningar:

- 1) „varaafli til jöfnunar“: öll tilföng, ef þau eru keypt fyrir fram eða á rauntíma eða samkvæmt lagaskuldbindingum, sem eru tiltæk flutningskerfisstjórum með tilliti til orkujöfnunar,
- 2) „jöfnunartímaeining“: það tímabil sem verð fyrir varaafli til jöfnunar byggist á,
- 3) „tilboðssvæði“: stærsta landsvæðið þar sem markaðsaðilar geta átt viðskipti með orku án úthlutunar flutningsgetu,
- 4) „úthlutun flutningsgetu“: úthlutun flutningsgetu milli svæða,
- 5) „notkunareining“: eining sem tekur við raforku til eigin nota, að undanskildum flutningskerfisstjórum og dreifikerfisstjórum,
- 6) „stjórmsvæði“: samfelldur hluti samtengds kerfis sem er rekið af einum kerfisstjóra og skal ná yfir samtengdar notkunareiningar og/eða framleiðslueiningar, ef einhverjar eru,

- 7) „samræmd nettóflutningsgeta“: aðferð við útreikning á flutningsgetu sem byggist á meginreglunni um að meta og skilgreina fyrir fram hámark orkuviðskipta milli samliggjandi tilboðssvæða,
- 8) „þýðingarmikil neteining“: neteining, sem liggur annaðhvort innan tilboðssvæðis eða á milli tilboðssvæða, sem tillit er tekið til við útreikninga á flutningsgetu og takmarkar það magn orku sem hægt er að eiga viðskipti með,
- 9) „jöfnun milli stjórnsvæða“: jöfnunarkerfi þar sem flutningskerfisstjóri getur tekið við tilboðum um aðgengilega orku frá svæðum annarra flutningskerfisstjóra. Þetta nær ekki yfir endurdreifingu álags eða afhendingu á orku í neyðartilvikum,
- 10) „flutningsgeta milli svæða“: geta samtengds kerfis til að flytja orku milli tilboðssvæða,
- 11) „gjaldmiðill“: evra ef a.m.k. einn hluti viðkomandi tilboðssvæðis eða -svæða tilheyrir landi þar sem evran er löglegur gjaldmiðill. Í öllum öðrum tilvikum skal nota gjaldmiðil hlutaðeigandi lands,
- 12) „lokunartími“: sá tímupunktur þegar flutningskerfisstjórar verða að staðfesta allar samræmdar ráðstafanir á markaðnum. Lokunartíminn varðar ekki eingöngu daglega markaði eða markaði innan eins dags heldur einnig hina ýmsu markaði sem taka til leiðréttingar á misvægi og úthlutunar á varaafli,
- 13) „mótkaup“: viðskipti milli svæða sem kerfisstjórar stofna til milli tveggja tilboðssvæða til að leysa úr kerfisöng sem rakin er til tæknilegra ástæðna,
- 14) „gagnaveitandi“: aðili sem sendir gögn á miðlægan upplýsingavettvang,
- 15) „bein úthlutun“: úthlutun eingöngu á flutningsgetu milli svæða, án flutnings á raforku,
- 16) „flæðistengdar breytur“: fyrirliggjandi vikmörk í þýðingarmiklum neteiningum með tilheyrandi dreifipáttum fyrir aflflutning,
- 17) „framleiðslueining“: ein raforkuframleiðslueining sem tilheyrir framleiðslustöð,
- 18) „lokuð úthlutun“: aðferð við að bregðast við kerfisöng þar sem orku er aflað á sama tíma og flutningsgetu milli svæða,
- 19) „markaðstímaeining“: það tímabil sem markaðsverðið á við um eða skemmsta mögulega sameiginlega tímabil fyrir tilboðssvæðin tvö ef markaðstímaeiningar þeirra eru mismunandi,
- 20) „flutningsgeta í boði“: sú flutningsgeta milli svæða sem úthlutunaraðili flutningsgetu býður markaðnum,
- 21) „skipulagt“: viðburður sem aðaleigandi gagna hefur fyrirframvitneskju um,
- 22) „dreifipáttur aflflutnings“: stendur fyrir flæði í þýðingarmikilli neteiningu, framkallað með breytingu á nettóstöðu tilboðssvæðis,
- 23) „aðaleigandi gagna“: sá aðili sem tekur gögnin saman,
- 24) „framleiðslustöð“: stöð sem framleiðir rafmagn og samanstendur af einni framleiðslueiningu eða nokkrum framleiðslueiningum saman,
- 25) „afmörkun (e. profile)“: landfræðileg mörk milli tilboðssvæðis og nokkurra nærliggjandi tilboðssvæða,
- 26) „endurdreifing álags“: ráðstöfun sem einn eða fleiri kerfisstjórar setja í gang með því að breyta framleiðslu- og/eða álagsmynstri í því skyni að breyta flæði í flutningskerfinu og bregðast við kerfisöng sem rakin er til tæknilegra ástæðna,
- 27) „heildarálag“, þ.m.t. tap án raforku sem er notuð til orkugeymslu: álag sem svarar til framleiðslu og mögulegs innflutnings, að frádregnum mögulegum útflutningi og raforku til orkugeymslu,
- 28) „úthlutunaraðili flutningsgetu“: sá aðili sem hefur umboð flutningskerfisstjóra til að sjá um úthlutun flutningsgetu milli svæða,
- 29) „lóðrétt álag“: heildarafl sem flæðir frá flutningsnetinu til dreifinetanna, til beintengdra kaupenda eða til þess hluta framleiðsluferlisins sem tekur til sín orku,
- 30) „forspárvikmörk fyrir komandi ár“: munurinn á árlegri spá um tiltæka framleiðslugetu og árlegri spá um mesta heildarálag, að teknu tilliti til spár um heildarframleiðslugetu, spár um tiltæka framleiðslu og spár um varaafli sem samið er um vegna þjónustu við kerfið,
- 31) „tími“: staðartími í Brussel.

3. gr.

Miðlægam upplýsingavettvangi komið á fót

1. Koma skal á fót miðlægam upplýsingavettvangi og starfrækja hann á skilvirkan og kostnaðarhagkvæman hátt innan Evrópunets raforkuflutningskerfisstjóra. Evrópunet raforkuflutningskerfisstjóra skal birta á miðlægam upplýsingavettvangi öll gögn sem flutningskerfisstjórum ber að leggja fyrir Evrópunet raforkuflutningskerfisstjóra í samræmi við þessa reglugerð.

Miðlægur upplýsingavettvangur skal vera aðgengilegur almenningi um Netið án endurgjalds og vera tiltækur a.m.k. á ensku.

Gögnin skulu uppfærð, aðgengileg, auðvelt að hala þau niður og tiltæk í a.m.k. fimm ár. Gagnauppfærslur skulu tímamerktar, varðveittar og gerðar aðgengilegar almenningi.

2. Evrópunet raforkuflutningskerfisstjóra skal, fjórum mánuðum eftir gildistöku þessarar reglugerðar, leggja fram tillögu um starfrækslu miðlægs upplýsingavettvangs og kostnað tengdan honum til samstarfsstofnunar eftirlitsaðila á orkumarkaði (hér á eftir nefnd „stofnunin“). Stofnunin skal gefa álit sitt innan þriggja mánaða frá þeim degi þegar tillagan er lögð fram.

3. Evrópunet raforkuflutningskerfisstjóra skal sjá til þess að miðlægur upplýsingavettvangur sé orðinn starfhæfur 18 mánuðum eftir gildistöku þessarar reglugerðar.

4. gr.

Afhending og birting gagna

1. Aðaleigendur gagna skulu afhenda gögn til flutningskerfisstjóra í samræmi við 6.–17. gr. Þeir skulu sjá til þess að gögnin, sem þeir afhenda flutningskerfisstjórum eða, ef gert er ráð fyrir því í samræmi við 2. mgr., gagnaveitendum, séu heildstæð, eins vönduð og ætlast er til og afhent á þann hátt að flutningskerfisstjórar eða gagnaveitendur geti unnið gögnin og afhent þau Evrópuneti raforkuflutningskerfisstjóra nógu tímanlega til þess að Evrópunet raforkuflutningskerfisstjóra geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt þessari reglugerð með tilliti til tímafrests til birtingar upplýsinga.

Flutningskerfisstjórar, og gagnaveitendur ef við á, skulu vinna gögnin sem þeir taka við og afhenda þau Evrópuneti raforkuflutningskerfisstjóra í tæka tíð fyrir birtingu.

2. Aðaleigendur gagna geta uppfyllt skuldbindingar sínar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., með því að afhenda gögnin beint til miðlægs upplýsingavettvangs, að því tilskildu að þeir noti þriðja aðila sem gagnaveitanda fyrir sína hönd. Þessi aðferð við að afhenda gögn skal vera með fyrirvara um fyrirframsamþykki flutningskerfisstjóra á því stjórnsvæði þar sem aðaleigandinn er staðsettur. Þegar flutningskerfisstjóri veitir þetta samþykki skal hann meta hvort gagnaveitandinn fullnægir kröfunum sem um getur í b- og c-lið fyrstu undirgreinar 5. gr.

3. Líta skal á flutningskerfisstjóra sem aðaleigendur gagna við beitingu 6.–17. gr. nema annað sé tekið fram.

4. Ef tilboðssvæði samanstendur af nokkrum stjórnsvæðum í mismunandi aðildarríkjum skal Evrópunet raforkuflutningskerfisstjóra birta gögnin, sem um getur í 1. mgr., sérstaklega fyrir hvert hlutaðeigandi aðildarríkja.

5. Með fyrirvara um skuldbindingar flutningskerfisstjóra og Evrópunets raforkuflutningskerfisstjóra, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. og 3. gr., er líka hægt að birta gögn á vefsetrum flutningskerfisstjóra eða annarra aðila.

6. Landsbundin eftirlitsyfirvöld skulu tryggja að aðaleigendur gagna, flutningskerfisstjórar og gagnaveitendur standi við skuldbindingar sínar samkvæmt þessari reglugerð.

5. gr.

Handbók um verklagsreglur

Evrópunet raforkuflutningskerfisstjóra skal semja handbók þar sem eftirfarandi er að finna:

- upplýsingar og snið fyrir þá afhendingu gagna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 4. gr.,
- staðlaðar aðferðir og snið fyrir gagnaflutning og upplýsingaskipti milli aðaleigenda gagna, flutningskerfisstjóra, gagnaveitenda og Evrópunets raforkuflutningskerfisstjóra,
- tækni- og rekstrarviðmiðanir sem gagnaveitendur verða að fylgja þegar þeir afhenda gögn til miðlægs upplýsingavettvangs,
- viðeigandi flokkun framleiðslutegunda sem um getur í 14. gr. (1. mgr.), 15. gr. (1. mgr.) og 16. gr. (1. mgr.).

Evrópunet raforkuflutningskerfisstjóra skal semja handbókina eftir opið og gagnsætt samráð við hagsmunaaðila.

Evrópunet raforkuflutningskerfisstjóra skal sjá um að handbókin sé gerð aðgengileg almenningi,

Evrópunet raforkuflutningskerfisstjóra skal uppfæra handbókina þegar nauðsyn krefur. Áður en handbókin er birt eða uppfærð skal Evrópunet raforkuflutningskerfisstjóra leggja drög að henni fyrir stofnunina til álitsgjafar og skal stofnunin gefa álit sitt innan tveggja mánaða. Leggja skal drög að fyrstu útgáfu fyrir stofnunina innan fjögurra mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar.

6. gr.

Upplýsingar um heildarálag

1. Flutningskerfisstjórar skulu reikna út fyrir stjórnsvæði sín eftirfarandi gögn um hvert tilboðssvæði og afhenda þau Evrópuneti raforkuflutningskerfisstjóra:

- heildarálag á markaðstímaeiningu,
- spá fyrir komandi dag um heildarálag á markaðstímaeiningu,

- c) spá fyrir komandi viku um heildarálag á hverjum degi í komandi viku sem skal ná yfir hæsta og lægsta álagsgildi fyrir hvern dag,
- d) spá fyrir komandi mánuð um heildarálag í hverri viku í komandi mánuði sem skal ná yfir hæsta og lægsta álagsgildi fyrir tiltekna viku,
- e) spá fyrir komandi ár um heildarálag í hverri viku á komandi ári sem skal ná yfir hæsta og lægsta álagsgildi fyrir tiltekna viku.

2. Upplýsingarnar sem um getur:

- a) í a-lið 1. mgr. skulu birtar eigi síðar en einni klukkustund eftir rekstrartímabilið,
- b) í b-lið 1. mgr. skulu birtar eigi síðar en tveimur klukkustundum áður en lokað er fyrir boð á markaði næsta dags á tilboðssvæðinu og skulu uppfærðar þegar umtalsverðar breytingar verða,
- c) í c-lið 1. mgr. skulu birtar á hverjum föstudegi eigi síðar en tveimur klukkustundum áður en lokað er fyrir boð á markaði næsta dags á tilboðssvæðinu og skulu uppfærðar þegar umtalsverðar breytingar verða,
- d) í d-lið 1. mgr. skulu birtar eigi síðar en einni viku fyrir afhendingarmánuðinn og skulu uppfærðar þegar umtalsverðar breytingar verða,
- e) í e-lið 1. mgr. skulu birtar eigi síðar en fimmtánda almanaksdag þess mánaðar sem er á næstur á undan árinu sem gögnin vísa til.

3. Framleiðslueiningar, sem eru innan stjórnsvæðis flutningskerfisstjóra, skulu afhenda honum allar viðeigandi upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna útreiknings á gögnum sem um getur í a-lið 1. mgr.

Líta skal á framleiðslueiningar sem aðaleigendur þeirra viðeigandi upplýsinga sem þær afhenda.

4. Dreifikerfisstjórar, sem eru innan stjórnsvæðis flutningskerfisstjóra, skulu afhenda honum allar viðeigandi upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna útreiknings á gögnum sem um getur í b- til e-lið 1. mgr.

Líta skal á dreifikerfisstjóra sem aðaleigendur þeirra viðeigandi upplýsinga sem þeir afhenda.

7. gr.

Upplýsingar um ótiltækileika notkunareiningar

1. Flutningskerfisstjórar skulu afhenda Evrópuneti raforkuflutningskerfisstjóra eftirfarandi upplýsingar fyrir stjórnsvæði sín:

- a) skipulagður ótiltækileiki a.m.k. 100 MW notkunareiningar, þ.m.t. breytingar um a.m.k. 100 MW, sem varir í eina markaðstímaeiningu hið minnsta, þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- tilboðssvæði,
 - tiltæk geta á hverja markaðstímaeiningu meðan ástandið varir,
 - ástæða fyrir ótiltækileika,
 - áætlaður upphafs- og lokadagur (dagur, klukkustund) breytingar á tiltækileika,
- b) breytingar á raunverulegum tiltækileika notkunareiningar með afköst sem eru a.m.k. 100 MW, þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram:
- tilboðssvæði,
 - tiltæk geta á hverja markaðstímaeiningu meðan ástandið varir,
 - ástæða fyrir ótiltækileika,
 - upphafsdagur og áætlaður lokadagur (dagur, klukkustund) breytingar á tiltækileika.

2. Upplýsingarnar, sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr., skulu birtar á samanteknu formi fyrir hvert tilboðssvæði, þar sem tilgreind er summa óaðgengilegrar notkunargetu á hverja markaðstímaeiningu á tilteknu tímabili, eins skjótt og unnt er og eigi síðar en einni klukkustund eftir að ákvörðun um skipulagðan ótiltækileika er tekin.

Upplýsingarnar, sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr., skulu birtar á samanteknu formi fyrir hvert tilboðssvæði, þar sem tilgreind er summa óaðgengilegrar notkunargetu á hverja markaðstímaeiningu á tilteknu tímabili, eins skjótt og unnt er og eigi síðar en einni klukkustund eftir breytingu á raunverulegum tiltækileika.

3. Notkunareiningar, sem eru innan stjórnsvæðis sem tilheyrir flutningskerfisstjóra, skulu reikna út gögnin, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., og afhenda honum þau.

Líta skal á notkunareiningar sem aðaleiganda þeirra gagna sem þær afhenda.

8. gr.

Forspárvikmörk fyrir komandi ár

1. Flutningskerfisstjórar skulu reikna út fyrir stjórnsvæði sín forsparvikmörk fyrir komandi ár, að því er varðar hvert tilboðssvæði, sem eru metin samkvæmt staðbundinni markaðstímaeiningu, og afhenda Evrópuneti raforkuflutningskerfisstjóra.

Upplýsingarnar skulu birtar einni viku fyrir árlega úthlutun á flutningsgetu en eigi síðar en fimmtánda almanaksdag næsta mánaðar fyrir árið sem gögnin vísa til.

2. Framleiðslueiningar og dreifikerfisstjórar, sem eru innan stjórnsvæðis sem tilheyrir flutningskerfisstjóra, skulu afhenda honum allar viðeigandi upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna útreiknings á þeim gögnum sem um getur í 1. mgr.

Líta skal á framleiðslueiningar og dreifikerfisstjóra sem aðaleigendur þeirra gagna sem þær afhenda.

9. gr.

Flutningsgrunnvirki

Flutningskerfisstjórar skulu taka saman upplýsingar um síðari breytingar á neteyningum og framkvæmdum við samtengingar, að meðtalinni stækkun eða niðurrifi á flutningskerfum þeirra innan næstu þriggja ára, og afhenda Evrópuneti raforkuflutningskerfisstjóra. Þessar upplýsingar skal eingöngu afhenda vegna ráðstafana sem reiknað er með að hafi a.m.k. 100 MW áhrif á flutningsgetu milli tilboðssvæða eða á afmörkun (e. profile) innan minnst einnar markaðstímaeiningar. Þessar upplýsingar skulu innihalda:

- a) auðkenningu á viðkomandi eignum,
- b) staðsetningu,
- c) tegund eignar,
- d) áhrif á flutningsgetu samtengileiðslna fyrir hverja átt milli tilboðssvæða,
- e) áætlaðan lokadag.

Upplýsingarnar skulu birtar einni viku fyrir árlega úthlutun á flutningsgetu en eigi síðar en fimmtánda almanaksdag næsta mánaðar fyrir árið sem úthlutunin tekur til. Upplýsingarnar skulu uppfærðar með viðeigandi breytingum fyrir lok mars, lok júní og lok september á því ári sem úthlutunin tekur til.

10. gr.

Upplýsingar um ótíltækileika flutningsgrunnvirkis

1. Flutningskerfisstjórar skulu reikna út eftirfarandi fyrir stjórnsvæði sín og afhenda Evrópuneti raforkuflutningskerfisstjóra:

- a) skipulagðan ótíltækileika, þ.m.t. breytingar á skipulögðum ótíltækileika samtengileiðslna og í flutningskerfinu, sem minnka flutningsgetu milli tilboðssvæða um a.m.k. 100 MW á minnst eina markaðstímaeiningu, þar sem eftirfarandi er tilgreint:
 - auðkenning á viðkomandi eignum,
 - staðsetning,
 - tegund eignar,
 - áætluð áhrif á flutningsgetu milli svæða fyrir hverja átt milli tilboðssvæða,
 - ástæður fyrir ótíltækileika,
 - áætlaður upphafs- og lokadagur (dagur, klukkustund) breytingar á tiltækileika,
- b) breytingar á raunverulegum tiltækileika samtengileiðslna og í flutningskerfinu sem minnka flutningsgetu milli tilboðssvæða um a.m.k. 100 MW á minnst eina markaðstímaeiningu, þar sem eftirfarandi er tilgreint:
 - auðkenning á viðkomandi eignum,

- staðsetning,
 - tegund eignar,
 - áætluð áhrif á flutningsgetu milli svæða fyrir hverja átt milli tilboðssvæða,
 - ástæður fyrir ótíltækileika,
 - upphafsdagur og áætlaður lokadagur (dagur, klukkustund) breytingar á tiltækileika,
- c) breytingar á raunverulegum tiltækileika netkerfis á hafi úti sem minnka áhrif af innmötun vindorku um a.m.k. 100 MW á minnst eina markaðstímaeiningu, þar sem eftirfarandi er tilgreint:
- auðkenning á viðkomandi eignum,
 - staðsetning,
 - tegund eignar,
 - upphafleg vindorkuframleiðslugeta (MW), tengd við eignina,
 - innmötuð vindorka (MW) þegar breyting er gerð á tiltækileika,
 - ástæður fyrir ótíltækileika,
 - upphafsdagur og áætlaður lokadagur (dagur, klukkustund) breytingar á tiltækileika.

2. Birta skal upplýsingarnar, sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr., eins skjótt og unnt er og eigi síðar en einni klukkustund eftir að tekin er ákvörðun um skipulagðan ótíltækileika.

3. Birta skal upplýsingarnar, sem mælt er fyrir um í b- og c-lið 1. mgr., eins skjótt og unnt er og eigi síðar en einni klukkustund eftir að tekin er ákvörðun um breytingu á raunverulegum tiltækileika.

4. Að því er varðar upplýsingarnar, sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr., geta flutningskerfisstjórar kosið að auðkenna ekki viðkomandi eign eða staðsetningu hennar ef þær eru flokkaðar sem viðkvæmar upplýsingar varðandi vernd þýðingarmikils grunnvirkis í aðildarríkjum þeirra eins og kveðið er á um í d-lið 2. gr. tilskipunar ráðsins 2008/114/EB ⁽¹⁾. Þetta hefur ekki áhrif á skuldbindingar þeirra sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar.

11. gr.

Upplýsingar varðandi mat og framboð á flutningsgetu milli svæða

1. Flutningskerfisstjórar eða, ef við á, úthlutunaraðilar flutningsgetu skulu reikna út eftirfarandi upplýsingar fyrir stjórnsvæði sín og afhenda þær Evrópuneti raforkuflutningskerfisstjóra áður en úthlutunarferlið hefst:

- a) áætlaða flutningsgetu og flutningsgetu í boði (MW) fyrir hverja átt milli tilboðssvæða þegar um er að ræða samræmda nettóflutningsgetu sem byggist á úthlutun flutningsgetu eða

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 345, 23.12.2008, bls. 75.

b) viðeigandi flæðistengdar breytur þegar um er að ræða úthlutun flutningsgetu sem byggist á flæði.

Líta skal á flutningskerfisstjóra eða, ef við á, úthlutunaraðila flutningsgetu sem aðaleigendur upplýsinganna sem þeir reikna út og afhenda.

2. Upplýsingarnar, sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr., skulu birtar eins og tilgreint er í viðaukanum.

3. Að því er varðar jafnstraumstengingar skulu flutningskerfisstjórar afhenda Evrópuneti raforkuflutningskerfisstjóra, eigi síðar en einni klukkustund eftir að upplýsingarnar liggja fyrir, uppfærðar upplýsingar um hvers kyns takmarkanir á notkun tiltækrar flutningsgetu yfir landamæri, þ.m.t. með því að takmarka hve hratt er hægt að breyta raforkuflæði eða með flutningstakmörkunum innan dags.

Líta skal á rekstraraðila jafnstraumstenginga sem aðaleigendur þeirra uppfærðu upplýsinga sem þeir afhenda.

4. Flutningskerfisstjórar eða, ef við á, úthlutunaraðilar flutningsgetu skulu leggja fyrir Evrópunet raforkuflutningskerfisstjóra árlega skýrslu þar sem eftirfarandi kemur fram:

- a) helstu þýðingarmiklar neteiningar sem takmarka þá flutningsgetu sem er í boði,
- b) stjórnsvæði sem þýðingarmiklar neteiningar tilheyra,
- c) að hve miklu leyti það eykur þá flutningsgetu sem er í boði að minnka álag á þýðingarmiklar neteiningar,
- d) allar mögulegar ráðstafanir sem hægt er að gera til að auka þá flutningsgetu sem er í boði, ásamt áætluðum kostnaði við þær.

Við samningu skýrslunnar geta flutningskerfisstjórar kosið að auðkenna ekki viðkomandi eign og staðsetningu hennar ef skýrslan er flokkuð sem viðkvæmar upplýsingar varðandi vernd mikilvægs grunnvirkis í aðildarríkjum þeirra eins og kveðið er á um í d-lið 2. gr. tilskipunar 2008/114/EB.

Líta skal á flutningskerfisstjóra eða, ef við á, úthlutunaraðila flutningsgetu sem aðaleigendur skýrslunnar sem þeir afhenda.

12. gr.

Upplýsingar varðandi notkun flutningsgetu milli svæða

1. Flutningskerfisstjórar skulu reikna út og afhenda Evrópuneti raforkuflutningskerfisstjóra eftirfarandi upplýsingar fyrir stjórnsvæði sín:

- a) þegar um er að ræða beinar úthlutanir, fyrir hverja markaðstímaeiningu og hverja átt milli tilboðssvæða:
 - flutningsgeta (MW) sem markaðurinn óskar eftir,

– flutningsgeta (MW) sem markaðurinn fær úthlutað,

– verð fyrir flutningsgetuna (gjaldmiðill/MW),

– uppboðstekjur (í gjaldmiðli) á hver mörk milli tilboðssvæða,

b) fyrir hverja markaðstímaeiningu og hverja átt fyrir sig milli tilboðssvæða, samanlögð flutningsgeta sem ráðstafað er,

c) áður en til úthlutunar flutningsgetu kemur, heildarflutningsgeta sem þegar hefur verið úthlutað með fyrri úthlutunum á hverja markaðstímaeiningu og hverja átt um sig,

d) fyrir hverja markaðstímaeiningu, verð fyrir næsta dag á hverju tilboðssvæði (gjaldmiðill/MWh),

e) þegar um er að ræða óbeinar úthlutanir, nettóstaða hvers tilboðssvæðis (MW) fyrir hverja markaðstímaeiningu og tekjur af kerfisöng (í gjaldmiðli) á hver mörk um sig milli tilboðssvæða,

f) fyrirhuguð viðskipti næsta dags á samanteknu formi milli tilboðssvæða á hverja átt um sig og á markaðstímaeiningu,

g) flæði milli tilboðssvæða á hverja markaðstímaeiningu,

h) flutningsgeta sem er úthlutað milli svæða í aðildarríkjum og þriðju löndum á hverja átt um sig, hverja úthlutaða vöru og tímabil.

2. Þær upplýsingar sem mælt er fyrir um:

a) í a- og e-lið 1. mgr. skulu birtar eigi síðar en einni klukkustund eftir hverja úthlutun á flutningsgetu,

b) í b-lið 1. mgr. skulu birtar eigi síðar en einni klukkustund eftir hverja umferð ráðstöfunar,

c) í c-lið 1. mgr. skulu birtar í síðasta lagi þegar frestur til birtingar talna um þá flutningsgetu sem er í boði rennur út, eins og fram kemur í viðaukanum,

d) í d-lið 1. mgr. skulu birtar eigi síðar en einni klukkustund eftir að lokað er fyrir boð,

e) í f-lið 1. mgr. skulu birtar daglega og eigi síðar en einni klukkustund eftir síðasta lokunartíma og, ef við á, skulu þær uppfærðar eigi síðar en tveimur klukkustundum eftir hverja ráðstöfun innan dagsins (sóláhringsins),

f) í g-lið 1. mgr. skulu birtar daglega fyrir hverja markaðstímaeiningu eins nálægt rauntíma og unnt er en eigi síðar en einni klukkustund eftir rekstrartímabilið,

g) í h-lið 1. mgr. skulu birtar eigi síðar en einni klukkustund eftir úthlutun.

3. Úthlutunaraðilar flutningsgetu, eða orkukauphallir eftir atvikum, skulu afhenda flutningskerfisstjórum allar viðeigandi upplýsingar sem krafist er vegna útreiknings á þeim gögnum sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

Líta skal á úthlutunaraðila flutningsgetu sem aðaleigendur þeirra upplýsinga sem þeir afhenda.

Líta skal á orkukauphallir sem aðaleigendur þeirra upplýsinga sem þær afhenda.

13. gr.

Upplýsingar varðandi ráðstafanir til að bregðast við kerfisöng

1. Flutningskerfisstjórar skulu afhenda Evrópuneti raforkuflutningskerfisstjóra eftirfarandi upplýsingar fyrir stjórnsvæði sín:

a) upplýsingar varðandi endurdreifingu álags á hverja markaðsstímaeiningu, með eftirfarandi upplýsingum:

- aðgerð sem gripið er til (þ.e. framleiðsluaukning eða -minnkun, álagsaukning eða -minnkun),
- auðkenning, staðsetning og tegund neteininga sem aðgerðin hefur áhrif á,
- ástæður fyrir aðgerðinni,
- áhrif aðgerðarinnar á flutningsgetu (MW),

b) upplýsingar varðandi mótkaup á hverja markaðsstímaeiningu, með eftirfarandi upplýsingum:

- aðgerð sem gripið er til (þ.e. aukin eða minni viðskipti milli svæða),
- viðkomandi tilboðssvæði,
- ástæður fyrir aðgerðinni,
- breytingar á viðskiptum milli svæða (MW),

c) kostnaður sem stofnað er til í tilteknum mánuði vegna aðgerða sem um getur í a- og b-lið og annarra aðgerða til úrbóta.

2. Þær upplýsingar sem mælt er fyrir um:

- a) í a- og b-lið 1. mgr. skulu birtar eins skjótt og unnt er og eigi síðar en einni klukkustund eftir rekstrartímabilið nema fyrir liggi ástæður sem birta skal eins skjótt og unnt er og eigi síðar en einum degi eftir rekstrartímabilið,
- b) í c-lið 1. mgr. skulu birtar eigi síðar en einum mánuði eftir lok viðkomandi mánaðar.

14. gr.

Spár um framleiðslu

1. Flutningskerfisstjórar skulu reikna út og afhenda Evrópuneti raforkuflutningskerfisstjóra eftirfarandi upplýsingar fyrir stjórnsvæði sín:

a) summa upphaflegrar framleiðslugetu (MW) allra fyrirliggjandi framleiðslustöðva, sem er a.m.k. 1 MW af upphaflegrar framleiðslugetu, á hverja tegund framleiðslu,

b) framleiðslustöðvar (fyrirliggjandi og fyrirhugaðar) með upphaflega framleiðslugetu sem er a.m.k. 100 MW. Þessar upplýsingar skulu ná yfir:

- heiti stöðvar,
- upphaflega framleiðslugetu (MW),
- staðsetningu,
- spennu í tengingu,
- tilboðssvæðið,
- tegund framleiðslu,

c) spá um samanlagða áætlaða framleiðslu (MW) á hvert tilboðssvæði, á hverja markaðsstímaeiningu næsta dags,

d) spá um framleiðslu vind- og sólarorku (MW) á hvert tilboðssvæði, á hverja markaðsstímaeiningu næsta dags.

2. Þær upplýsingar sem mælt er fyrir um:

a) í a-lið 1. mgr. skulu birtar árlega eigi síðar en einni viku fyrir árslok,

b) í b-lið 1. mgr. skulu birtar árlega fyrir þrjú næstu ár eigi síðar en einni viku fyrir upphaf fyrsta ársins sem viðkomandi gögn taka til,

c) í c-lið 1. mgr. skulu birtar eigi síðar en kl. 18.00 að staðartíma í Brussel, einum degi áður en raunveruleg afhending fer fram,

d) í d-lið 1. mgr. skulu birtar eigi síðar en kl. 18.00 að staðartíma í Brussel, einum degi áður en raunveruleg afhending fer fram. Upplýsingarnar skulu uppfærðar reglulega og birtar meðan viðskipti innan dagsins (sólarringsins) standa yfir og skal a.m.k. ein uppfærsla birt kl. 8.00 að staðartíma í Brussel, á deginum þegar raunveruleg afhending fer fram. Upplýsingarnar að því er varðar öll tilboðssvæði skal eingöngu veita í aðildarráðgjöf sem eru með meira en 1% innmötun á vind- eða sólarorkuframleiðslu á ári eða að því er varðar tilboðssvæði með meira en 5% innmötun á vind- eða sólarorkuframleiðslu á ári.

3. Framleiðslustöðvar, sem eru á stjórnsvæði flutningskerfisstjóra, skulu afhenda honum allar viðeigandi upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna útreiknings á gögnum sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

Líta skal á framleiðslustöðvar sem aðaleigendur þeirra viðeigandi upplýsinga sem þau afhenda.

15. gr.

Upplýsingar um óiltækileika framleiðslueininga og framleiðslustöðva

1. Flutningskerfisstjórar skulu afhenda Evrópuneti raforkuflutningskerfisstjóra eftirfarandi upplýsingar fyrir stjórnsvæði sín:

- a) skipulagður ótíltækileiki sem nemur a.m.k. 100 MW í framleiðslueiningu, þ.m.t. breytingar um a.m.k. 100 MW í skipulögðum ótíltækileika þeirrar framleiðslueiningar, sem reiknað er með að vari í minnst eina markaðstímaeiningu allt að þrjú ár fram í tímann, þar sem eftirfarandi er tilgreint:
- heiti framleiðslustöðvar,
 - heiti framleiðslueiningar,
 - staðsetning,
 - tilboðssvæði,
 - upphafleg framleiðslugeta (MW),
 - tegund framleiðslu,
 - tiltæk geta meðan ástandið varir,
 - ástæða fyrir ótíltækileika,
 - upphafsdagur og áætlaður lokadagur (dagur, klukkustund) breytingar á tiltækileika,
- b) breytingar um a.m.k. 100 MW í raunverulegum tiltækileika framleiðslueiningar sem reiknað er með að vari í minnst eina markaðstímaeiningu, þar sem eftirfarandi er tilgreint:
- heiti framleiðslustöðvar,
 - heiti framleiðslueiningar,
 - staðsetning,
 - tilboðssvæði,
 - upphafleg framleiðslugeta (MW),
 - tegund framleiðslu,
 - tiltæk geta meðan ástandið varir,
 - ástæða fyrir ótíltækileika og
 - upphafsdagur og áætlaður lokadagur (dagur, klukkustund) breytingar á tiltækileika,
- c) skipulagður ótíltækileiki sem nemur a.m.k. 200 MW í framleiðslustöð, þ.m.t. breytingar um a.m.k. 100 MW í skipulögðum ótíltækileika þeirrar framleiðslustöðvar, en ekki birt í samræmi við a-lið, sem reiknað er með að vari í minnst eina markaðstímaeiningu allt að þrjú ár fram í tímann, þar sem eftirfarandi er tilgreint:
- heiti framleiðslustöðvar,
 - staðsetning,
 - tilboðssvæði,
 - upphafleg framleiðslugeta (MW),
 - tegund framleiðslu,
 - tiltæk geta meðan ástandið varir,
 - ástæða fyrir ótíltækileika,
 - upphafsdagur og áætlaður lokadagur (dagur, klukkustund) breytingar á tiltækileika,
- d) breytingar um a.m.k. 100 MW í raunverulegum tiltækileika framleiðslustöðvar með upphaflega framleiðslugetu sem er a.m.k. 200 MW, en ekki birt í samræmi við b-lið, sem reiknað er með að vari í minnst eina markaðstímaeiningu, þar sem eftirfarandi er tilgreint:
- heiti framleiðslustöðvar,
 - staðsetning,
 - tilboðssvæði,
 - upphafleg framleiðslugeta (MW),
 - tegund framleiðslu,
 - tiltæk geta meðan ástandið varir,
 - ástæða fyrir ótíltækileika og
 - upphafsdagur og áætlaður lokadagur (dagur, klukkustund) breytingar á tiltækileika.
2. Birta skal upplýsingarnar, sem mælt er fyrir um í a- og c-lið 1. mgr., eins skjótt og unnt er og eigi síðar en einni klukkustund eftir að tekin er ákvörðun um skipulagðan ótíltækileika.
- Birta skal upplýsingarnar, sem mælt er fyrir um í b- og d-lið 1. mgr., eins skjótt og unnt er og eigi síðar en einni klukkustund eftir breytingu á raunverulegum tiltækileika.
3. Framleiðslueiningar, sem eru á stjórnsvæði flutningskerfisstjóra, skulu afhenda honum þau gögn sem mælt er fyrir um í 1. mgr.
- Líta skal á framleiðslueiningar sem aðaleigendur þeirra gagna sem þær afhenda.

16. gr.

Raunveruleg framleiðsla

1. Flutningskerfisstjórar skulu reikna út og afhenda Evrópuneti raforkuflutningskerfisstjóra eftirfarandi upplýsingar fyrir stjórnsvæði sín:

- a) raunveruleg framleiðsluafköst (MW) á hverja markaðstímaeiningu og hverja framleiðslueiningu sem nemur a.m.k. 100 MW af upphaflegri framleiðslugetu,
- b) samanlögð framleiðsluafköst á hverja markaðstímaeiningu og hverja tegund framleiðslu,
- c) raunveruleg eða áætluð vind- og sólarorkuframleiðsla (MW) innan hvers tilboðssvæðis á hverja markaðstímaeiningu,
- d) samanlagður meðalfyllingarhraði allra uppistöðulóna og vatnsgeymslustöðva (MWh) á viku á hvert tilboðssvæði, þ.m.t. talan fyrir sömu viku á fyrra ári.

2. Þær upplýsingar sem mælt er fyrir um:

- a) í a-lið 1. mgr. skulu birtar fimm dögum eftir rekstrartímabilið,
- b) í b-lið 1. mgr. skulu birtar eigi síðar en einni klukkustund eftir rekstrartímabilið,

c) í b-lið 1. mgr. skulu birtar eigi síðar en einni klukkustund eftir rekstrartímabilið og skulu uppfærðar á grundvelli mæligilda um leið og þau liggja fyrir. Upplýsingar að því er varðar öll tilboðssvæði skal eingöngu veita í aðildarríkjum sem eru með meira en 1% innmötun á vind- eða sólarorkuframleiðslu á ári eða að því er varðar tilboðssvæði með meira en 5% innmötun á vind- eða sólarorkuframleiðslu á ári,

d) í d-lið 1. mgr. skulu birtar á þriðja virka degi eftir lok vikunnar sem upplýsingarnar taka til. Upplýsingar að því er varðar öll tilboðssvæði skal eingöngu veita í aðildarríkjum sem eru með meira en 10% innmötun á þessari tegund framleiðslu á ári eða að því er varðar tilboðssvæði með meira en 30% innmötun á þessari tegund framleiðslu á ári.

3. Framleiðslueiningar og framleiðslustöðvar, sem eru á stjórnsvæði flutningskerfisstjóra, skulu afhenda honum allar viðeigandi upplýsingar vegna útreiknings á gögnum sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

Líta skal á framleiðslueiningar og framleiðslustöðvar sem aðaleigendur þeirra viðeigandi upplýsinga sem þær afhenda.

17. gr.

Jöfnun

1. Flutningskerfisstjórar eða, ef við á, stjórnendur jöfnunarmarkaða, þar sem slíkir markaðir fyrirfinnast, skulu afhenda Evrópuneti raforkuflutningskerfisstjóra eftirfarandi upplýsingar fyrir stjórnsvæði sín:

a) reglur um jöfnun, þ.m.t.:

- innkaupaferli fyrir mismunandi tegundir varaafis til jöfnunar og jöfnunarorku,
- aðferðir við að greiða fyrir bæði öflun varaafis og orku sem er gerð aðgengileg til jöfnunar,
- aðferðafræði við útreikning á gjaldtöku vegna jöfnunarorku,
- ef við á, lýsingu á því hvernig jöfnun yfir mörk milli tveggja eða fleiri stjórnsvæða fer fram og um skilyrði fyrir þátttöku með tilliti til framleiðslu og álags,

b) magn varaafis til jöfnunar samkvæmt samningi (MW) við flutningskerfisstjóra þar sem eftirfarandi er tilgreint:

- uppruni varaafis (framleiðsla eða álag),
- tegund varaafis (t.d. varaafi til að viðhalda stöðugri tíðni (e. Frequency Containment Reserve), varaafi til að leiðrétta tíðni frávik (e. Frequency Restoration Reserve), varaafi til að mæta tíðni frávikum (e. Replacement Reserve)),
- tímabilið sem samið er um varaafi fyrir (t.d. klukkustund, dagur, vika, mánuður, ár o.s.frv.),

c) verð sem flutningskerfisstjóri hefur greitt á hverja tegund keypts varaafis til jöfnunar og á hvert innkaupstímabil (gjaldmiðill/MW/tímabil),

d) samþykkt samanlögð tilboð á hverja jöfnunartímaeiningu, sérstaklega fyrir hverja tegund varaafis til jöfnunar,

e) magn orku sem er gerð aðgengileg til jöfnunar (MW) á hverja jöfnunartímaeiningu og hverja tegund varaafis,

f) verð sem flutningskerfisstjóri hefur greitt fyrir aðgengilega jöfnunarorku, á hverja jöfnunartímaeiningu og á hverja tegund varaafis; upplýsingar um verð skulu sundurgreindar sérstaklega fyrir upp- og niðurreglun,

g) verð jöfnunarorku á hverja jöfnunartímaeiningu,

h) heildarmagn jöfnunarorku á hverja jöfnunartímaeiningu,

i) mánaðarleg fjárhagsstaða stjórnsvæðisins, þar sem eftirfarandi er tilgreint:

- útgjöld sem flutningskerfisstjóri hefur stofnað til vegna innkaupa á varaafli og orku sem er gerð aðgengileg til jöfnunar,
- nettótekjur flutningskerfisstjóra eftir uppgjör reikninga vegna jöfnunarorku við aðila sem bera ábyrgð á jöfnun,

j) ef við á, upplýsingar varðandi jöfnun milli stjórnsvæða á hverja jöfnunartímaeiningu, þar sem eftirfarandi er tilgreint:

- umfang miðlaðra tilboða og boða á hverja innkaupstímaeiningu,
- hámarks- og lágmarksverð miðlaðra tilboða og boða á hverja innkaupstímaeiningu,
- magn aðgengilegrar jöfnunarorku á viðkomandi stjórnsvæðum.

Líta skal á stjórnendur jöfnunarmarkaða sem aðaleigendur þeirra uppfærðu upplýsinga sem þær afhenda.

2. Þær upplýsingar sem mælt er fyrir um:

a) í b-lið 1. mgr. skulu birtar eins skjótt og unnt er og eigi síðar en tveimur klukkustundum áður en næsta innkaupaferli hefst,

b) í c-lið 1. mgr. skulu birtar eins skjótt og unnt er og eigi síðar en einni klukkustund eftir að næsta innkaupaferli lýkur,

c) í d-lið 1. mgr. skulu birtar eins skjótt og unnt er og eigi síðar en einni klukkustund eftir rekstrartímabilið,

d) í e-lið 1. mgr. skulu birtar eins skjótt og unnt er og eigi síðar en 30 mínútum eftir rekstrartímabilið. Ef um bráðabirgðagögn er að ræða skal uppfæra tölurnar þegar gögnin liggja fyrir,

e) í f-lið 1. mgr. skulu birtar eins skjótt og unnt er og eigi síðar en einni klukkustund eftir rekstrartímabilið,

- f) í g-lið 1. mgr. skulu birtar eins skjótt og unnt er,
- g) í h-lið 1. mgr. skulu birtar eins skjótt og unnt er og eigi síðar en 30 mínútum eftir rekstrartímabilið. Ef um bráðabirgðagögn er að ræða skal uppfæra tölurnar þegar gögnin liggja fyrir,
- h) í i-lið 1. mgr. skulu birtar eigi síðar en þremur mánuðum eftir rekstrarmánuðinn. Ef um bráðabirgðauppgjör er að ræða skal uppfæra tölurnar eftir lokauppgjörið,
- i) í j-lið 1. mgr. skulu birtar eigi síðar en einni klukkustund eftir rekstrartímabilið.

18. gr.

Bótaábyrgð

Bótaábyrgð aðaleiganda gagna, gagnaveitanda og Evrópunets raforkuflutningskerfisstjóra samkvæmt þessari reglugerð skal takmarkast við vítavert gáleysi og/eða vísvitandi misgerð.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júní 2013.

Þeir skulu ekki undir neinum kringumstæðum vera bótaskyldir gagnvart aðila, sem notar gögnin vegna taps á hagnaði, taps í viðskiptum eða vegna annars óbeins skaða, tilfallandi, sérstaks eða tengds, af neinum toga sem leiðir af því að viðkomandi hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt þessari reglugerð.

19. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 714/2009

Liðir 5.5-5.9 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 714/2009 eru felldir úr gildi frá og með 5. janúar 2015.

20. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 1. mgr. 4. gr. skulu taka gildi 18 mánuðum eftir gildistöku þessarar reglugerðar.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI**Birting upplýsinga sem um getur í 2. mgr. 11. gr.**

Úthlutunartímabil fyrir flutningsgetu	Áætluð flutningsgeta milli svæða sem birta skal	Sú flutningsgeta sem er í boði og birta skal
Árlega	Einni viku áður en árleg úthlutun fer fram og eigi síðar en 15. desember, fyrir alla mánuði næsta árs	Einni viku áður en árleg úthlutun fer fram og eigi síðar en 15. desember
Mánaðarlega	Tveimur virkum dögum áður en mánaðarleg úthlutun fer fram fyrir alla daga næsta mánaðar	Tveimur virkum dögum áður en mánaðarleg úthlutun fer fram
Vikulega	Á hverjum föstudegi fyrir alla daga næstu viku	Einum degi áður en vikuleg úthlutun fer fram
Einn dag fram í tímann		Einni klukkustund áður en lokað er fyrir boð á uppboðsmörkuðum (skyndimörkuðum) fyrir hverja markaðstímaeiningu
Innan sama dags		Einni klukkustund áður en fyrsta úthlutun fer fram innan sama dags og síðan í rauntíma fyrir hverja markaðstímaeiningu